

8. gr.

Á undan 74. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: VII. KAFLI, **Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga**, og breytast númer kafla samkvæmt því.

9. gr.

2. mgr. 74. gr. laganna orðast svo:

Nefndin skal fylgjast með reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, bera saman við viðmiðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar og hafa eftirlit með að fjárstjórn sveitarfélaga sé í samræmi við 3. mgr. 61. gr. Leiði athugun eftirlitsnefndar í ljós að afkoma sveitarsjóðs er ekki í samræmi við 3. mgr. 61. gr. eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum. Samhliða skal nefndin upplýsa ráðuneytið um álit sitt. Sveitarstjórn er skylt í slíkum tilvikum að gera eftirlitsnefndinni innan tveggja mánaða grein fyrir hvernig hún hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðni Ágústsson.

LÖG

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. másl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIX í lögnum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kemur: Á fiskveiðiarunum 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meiru en sem nemur 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð því að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.